



Reykjavík, 27. maí 2021

Til: Borgarráðs - borgarradsgogn@reykjavik.is**Frá:** Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs.**Efni:** Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um sölu metans, fjárkröfur vegna málssókna og kostnað vegna reksturs SORPU bs. - R21050086

Á fundi borgarráðs þann 6. maí sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn:

„1. Hvað hafa framkvæmdir vegna GAJA stöð Sorpu kostað frá upphafi til 1 maí 2021 tæmandi talið? 2. Hver var rekstrarkostnaður frá því að GAJA hóf starfsemi til dagsins í dag tæmandi talið? 3. Hvað hefur Sorpa borgað í auglýsingar hjá miðlum og samfélagsmiðlum frá 1 janúar 2020 til 1 maí 2021 tæmandi talið? 4. Hversu mikið hefur Sorpa borgað fyrir utankomandi ráðgjöf vegna markaðs og kynningarmála á árabílinu 2015- 2021 sundurliðað eftir árum? 5. Hversu mikið metangas hefur Sorpa selt frá 1 jan 2020 til 1 maí 2021 og til hverra tæmandi talið? 6. Hversu mikið metangas hefur Sorpa brennt frá 1 jan 2020 til 1 maí 2021? 7. Hvað kostaði nýr brennari sem Sorpa keypti til að brenna umfram metangasframleiðslu? 8. Hvað eru fjárkröfur vegna málssókna á hendur Sorpu bs. háar tæmandi taldar sundurliðað eftir málum?“

Svar SORPU bs.

1. *Hvað hafa framkvæmdir vegna GAJA stöð Sorpu kostað frá upphafi til 1 maí 2021 tæmandi talið?*

Framkvæmdir vegna GAJU hafa frá upphafi kostað 5.405.971.998 krónur.

2. *Hver var rekstrarkostnaður frá því að GAJA hóf starfsemi til dagsins í dag tæmandi talið?*

Rekstrarkostnaður frá því að GAJA hóf rekstur til 30. apríl sl. er 176.137.375 krónur.

3. *Hvað hefur Sorpa borgað í auglýsingar hjá miðlum og samfélagsmiðlum frá 1 janúar 2020 til 1 maí 2021 tæmandi talið?*

SORPA hefur greitt 5.161.391 krónu í birtingar auglýsinga frá 1. janúar 2020 til 1. maí 2021.

4. *Hversu mikið hefur Sorpa borgað fyrir utankomandi ráðgjöf vegna markaðs og kynningarmála á árabílinu 2015- 2021 sundurliðað eftir árum?*

2015:	12.484.625 krónur
2016:	1.903472 krónur
2017:	14.953.846 krónur
2018:	306.000 krónur
2019:	219.212 krónur
2020:	661.690 krónur
2021:	Ekkert



5. *Hversu mikið metangas hefur Sorpa selt frá 1 jan 2020 til 1 maí 2021 og til hverra tæmandi talið?*

SORPA hefur selt samtals 2.524.372 normalrúmmetra af metangasi frá 1. janúar 2020 til 1. maí 2021. Kaupendurnir eru, í stafrófsröð, Metan ehf., N1 ehf., Olíuverzlun Íslands ehf., og Skeljungur hf.

6. *Hversu mikið metangas hefur Sorpa brennt frá 1 jan 2020 til 1 maí 2021?*

SORPA brenndi ígildi 378.402 normalrúmmetra af metangasi í formi haugass.

7. *Hvað kostaði nýr brennari sem Sorpa keypti til að brenna umfram metangasframleiðslu?*

Brennarinn sem SORPA notar til að brenna óhreinsað hauggas kostaði 895.320 krónur þegar hann var keyptur árið 2006.

8. *Hvað eru fjárkröfur vegna málssókna á hendur Sorpu bs. háar tæmandi taldar sundurliðað eftir málum?*

Allar upplýsingar er varða málsóknir á hendur SORPU eru trúnaðarmál.

Virðingarfyllst,

Jón Viggó Gunnarsson,
Framkvæmdastjóri SORPU bs.